



Umboðsmaður barna
Kalkofnsvegi 2 (Hafnartorg)
105 Reykjavík

Dagsetning
Málsnúmer

12. desember 2024
DMR24030129

Ráðuneytið vísar til erindis umboðsmanns barna frá 11. mars sl. varðandi langan biótíma eftir afgreiðslu mála hjá fjölskyldusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Í erindinu kemur m.a. fram að umboðsmaður barna hafi frá því í desember 2021 staðið fyrir reglulegri upplýsingaöflun, þar á meðal hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum sem birtar hafi verið hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 26. febrúar sl. hafi í byrjun þess mánaðar 442 mál beðið meðferðar hjá embættinu á grundvelli barnalaga og hjúskaparlaga. Meðalbiótími þessara mála hafi verið 4,5 mánuðir. Jafnframt hafi beðið 108 mál þar sem börn áttu í hlut og var bið eftir sáttameðferð hjá öllum sýslumönnum landsins.

Í kjölfar erindis umboðsmanns barna óskaði ráðuneytið í apríl sl. eftir upplýsingum frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu til þess að unnt væri að svara erindinu frá umboðsmanni og var embættinu veittur frestur til 17. apríl sl. í því skyni. Eftir nokkrar ítrekanir barst ráðuneytinu svar sýslumanns þann 17. október sl. Nauðsynlegt þótti að óska eftir viðbótarupplýsingum frá embættinu, sem bárust ráðuneytinu þann 13. nóvember sl.

Í svari sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 17. október sl. kemur fram að þann 15. október sl. hafi 212 mál beðið meðferðar hjá sáttamönnum/sérfræðingum í málefnum barna. Um væri að ræða mál frá öllum embættum. Í byrjun september 2024 biðu 126 mál meðferðar, en samkvæmt sýslumanni hafi mikil aukning orðið á málum sem vísad er til meðferðar hjá sérfræðingum í málefnum barna. Í svari sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu frá 13. nóvember sl. kemur auk þess fram að þann 31. október sl. biðu 120 mál úthlutunar til sérfræðings/sáttamanns. Af þeim stöfudu 68 mál frá höfuðborgarsvæðinu eða um 57% og 52 mál frá öðrum sýslumannsembættum eða um 43%. Mál sem væru til meðferðar í dag hjá sérfræðingum/sáttamönnum væru samtals 219 talsins. Skiptingin milli embætta væri sú að 109 mál stöfudu frá höfuðborgarsvæðinu og 110 frá öðrum embættum. Mál sem hefðu komið inn til sérfræðiráðgjafar/sáttameðferðar á árinu 2024 væru samtals 575. Þar af komu 317 mál eða um 55% frá höfuðborgarsvæðinu og 258 mál eða um 45% frá öðrum embættum.

Samhliða því að ráðuneytið hefur haft sérstaklega til skoðunar biótíma á fjölskyldusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu, annars vegar úrlausn ágreiningsmála og hins vegar sáttamiðun og sérfræðiráðgjöf á grundvelli barnalaga nr. 76/2003, hefur ráðuneytið haft til skoðunar verkaskiptingu milli sýslumannsembætta landsins. Í febrúar 2024 setti dómssmálaráðherra af stað umfangsmikið verkefni við greiningu á starfsemi sýslumannsembætta landsins og móton framtíðarstefnu fyrir málaflokkinn. Markmið vinnunnar er að bæta þjónustu við almenning, stuðla að hagkvæmari rekstri og styrkja starfsemi embættanna á landsbyggðinni, þ. á m. hlutverk þeirra sem miðstöðvar ríkisins í héraði. Þar sem embættin eru misstór hvað varðar rekstur og verkefni, hefur ráðuneytið samhliða stefnumótun verið að greina verkefnadreifingu milli embættanna. Þá hefur ráðuneytið jafnframt haft samráð við sýslumannsembættin um leiðir til að bæta þjónustuna við almenning og tryggja jafnari verkaskiptingu og aðgengi að þjónustu embættanna.

Það er mat ráðuneytisins að staðan á fjölskyldusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu hafi undanfarin misseri ekki verið eins góð og æskilegt þykir miðað við stöðu annarra sýslumannsembætta. Hefur biðtíminn annars vegar eftir úrlausn ágreiningsmála og hins vegar eftir sáttamiðlun og sérfræðiráðgjöf verið of langur og þykir óbreytt staða að mati ráðuneytisins ekki ásættanleg fyrir þjónustuþega eða starfsfólk embættisins. Þó svo að embættið hafi gripið til ýmissa ráða til að styrra biðtímann og náð árangri í þeim efnum, er það mat ráðuneytisins að liðsinni ráðuneytisins sé nauðsynlegt til þess styðja embættið í þeirri vegferð. Mikilvægt er að mati ráðuneytisins að ráðast í þarfar úrbætur nú þegar í stað þess að bíða þar til niðurstaða fæst í stefnumótunar- og greiningarvinnu sem nú stendur yfir í málefnum sýslumanna.

Til að sýlumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu geti betur tekist á við áskoranirnar sem fylgja óhóflegum biðtíma á fjölskyldusviði hefur dómsmálaráðuneytið annars vegar ákveðið að veita embættinu tímabundna rekstrarstyrkingu, svo hægt verði að ráðast í átaksverkefni við sáttamiðlun og sérfræðiráðgjöf, og hins vegar að flytja verkefni til annars embættis sem hefur meira svigrúm í rekstri. Um er að ræða tímabundnar aðgerðir sem þykja líklegar til árangurs og til þess fallnar að brúa bilið þar til hægt verði að ráðast í varanlegar breytingar, með hliðsjón af niðurstöðu stefnumótunar- og greiningarvinnu málaflokkssins.

Ráðuneytið væntir þess að biðtími á fjölskyldusviði hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu stytтиst með þessum tímabundnu aðgerðum. Ráðuneytið mun gera sýslumanni að skila reglugum stöðuskýrslum meðan átaksverkefnið er í gangi, með það að markmiði að fylgja aðgerðunum eftir og meta árangur þeirra. Vænta má að ráðuneytið muni á grundvelli þess mats og niðurstöðu stefnumótunar- og greiningarvinnu í málefnum sýslumanna taka ákvörðun um varanlegar úrbætur svo unnt verði að tryggja að biðtíminn á fjölskyldusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu haldist að átaksverkefninu loknu áfram innan eðlilegra tímamarka.

Fyrir hönd ráðherra


Rósa Dögg Flösadóttir


Svanhildur Þorbjörnsdóttir